

Dagskrá námsleiðar vorönn 2022

Kynning 20. janúar kl. 17.

Námskeið: Upplýsingatækni

Námskeið: Framsækni – örugg tjáning

Námið hefst með kynningu 20. janúar með kynningu í Reykjavík þar sem fyrsta lotan hefst Sírrý tekur á móti þátttakendum. Jón Freyr Jóhannson lektor við Háskólann á Bifröst kynnir námskerfi skólans og kennsla hefst í upplýsingatækni. Þær sem þess óska geta tekið þátt á Teams

Fjarlota 1: 22. janúar – 11. febrúar

Námskeið: Upplýsingatækni

Vinnuhelgi 1. 11.-13. febrúar

Námskeið: Framsækni – örugg tjáning

Námskeið: Fjármál og fjármögnun fyrirtækja

Þriggja daga vinnuhelgi hefst á Bifröst föstudaginn 11. febrúar kl. 14 og lýkur síðdegis sunnudaginn 13. febrúar.

Námsráðgjafi heldur stuttan fyrirlestur

Margrét Jónsdóttir Njarðvík rektor Háskólans á Bifröst heldur stutt erindi í Paradísarlaut. Klæðnaður samkvæmt veðri.

Á laugardagsmorgun kynnir Stefán Kalmanson áfangann fjármál og fjármögnun fyrirtækja sem kenndur er í fjarlotu.

Eftir hádegi á laugardag og á sunnudegi fer fram kennsla í námskeiði Sírrýjar Arnardóttur um framsækni og tjáningu. Boðið verður upp á skipulagðar gönguferðir á vinnuhelginni. Námskeiðsgestir dvelja allir í einstaklingsherbergjum á Bifröst og allur matur er innifalinn.

Fjarlota 2: 12. febrúar – 4. mars

Námskeið: Fjármál og fjármögnun fyrirtækja

Vinnuhelgi 2. 5.-6. mars

Námskeið: Framsækni – örugg tjáning

Námskeið: Markaðssetning í stafrænum heimi

Tveggja daga vinnuhelgi verður á Bifröst helgina 5.-6. mars. Vinnuhelgin hefst kl. 10:00 á laugardeginum og lýkur um kaffileytið á sunnudeginum.

Fyrir hádegi á laugardeginum verður kynning á námskeiðinu Markaðssetning í stafrænum heimi sem kennt er í fjarlotu 3. Eftir hádegi verður kynning á námskeiðinu Stofnun og rekstur fyrirtækja sem kennt er í fjarlotu 4.

Á sunnudeginum verður kennsla í námskeiðinu framsækni – örugg tjáning. Boðið verður upp á skipulagða gönguferð á vinnuhelginni.

Námskeiðsgestir dvelja allir í einstaklingsherbergjum á Bifröst. Þær konur sem þess óska geta komið á föstudeginum og gisti á staðnum og átt notalega samveru.

Fjarlota 3: 5.-25. mars

Námskeið: Markaðssetning í stafrænum heimi

Fjarlota 4: 26. mars til 22. apríl

Námskeið: Stofnun og rekstur fyrirtækja. Hefst með Teams fundi 26. mars

Stefnumót við frumkvöðlakonur í Sjávarklasanum: Dagsetning kemur síðar

Laugardagurinn 7. maí: Formleg útskrift þar sem útskriftarskírteini eru afhent